

Íslandi. Og við íslendingar höfum heldur ekki verið svo ríkir, að við höftum haft efni á að kaupa mikil af gimsteinum. Við eignum þó það, sem kalla má *gimsteina* og meira virði er en nokkrir vanalegir gimsteinar. Og við fluttum það með okkur að heiman hingað í nýju heimkynnin okkar. Þið þurfð að læra að þekkja það, börn, og læra að meta það og láta ykkur þykja vænt um það. Þá líka um leið læra að láta ykkur þykja vænt um gamla landið, Ísland, og íslenzku þjóðina, þjóðina ykkar, sem á i eigu sinni *gimstein* og vill láta ykkur eiga þá og njóta þeirra.

Eg bendi ykkur nú á eimn slíkan *gimstein*, sem við íslendingar eignum og fluttum með okkur að heiman. Við megum ekki gleyma honum. Ekki láta hann liggja niðri í skúffu eða uppi á hillu og láta koma ryk á hann, heldur færa okkur hann í nyt og láta hann verða okkur til blessunar. Þá geymum við hann vel. Eitt gott við þennan *gimstein* er það, að þó hann sé dýrmetur, þá er hann ekki dýr. Svo þó að við höftum ekki efni á að kaupa dýru gimsteinana, sem fólk setur utan á sig, þá höfum við þó öll efni á að kaupa þennan ódýra, en þó dýrmæta gimstein, sem prýtt getur okkar innra mann, hjartað okkar, ef við færum okkur hann í nyt eins og á að gera.

Pessi *gimstein* eru nít, börnin míni, *Passiusálmarnir* okkar. Maðurinn, sem samdi þá og söng þá fyrst og gaf okkur íslendingum þá til þess að lesa og syngja, hét *Hallgrímur Pétursson*. Hafið þið ekki öll heyrt talað um hann? Hann var prestur á Íslandi syrir mörgum mörgum árum síðan. Hann dó 1674. Hann var fátækur, en átti orð, sem gerði hann ríkan. Og hann hiefur gert margan ríkan. Auðurinn hans var *trúin* á drottin okkar og frelsara Jesúm Krist og *kærleikinn* til hans. Og þennan auð eignaðist hann með því að hugsa um pínu og dauða Jesú. Hann sá þar allra skýrast kærleika Jesú til hans og allra mamma. Og hann trúði á þennan kærleika og elskoði svo Jesúm. Guð hafði líka gefið honum gráfuna til þess að yrkja. Hann var skáld. Og svo söng hann um þennan kærleika, sem hann þekti sjálfur og átti, með þessum sálnum sínum, *Passíusálmunum*. Og hann hefur sungið þennan kærleika inn í margra margra hjörtu með þessum sálnum. Þess vegna hefur hann auðgað svo margan íslending með þeim. Og þess vegna þykir svo mörgum íslending vænt um þá.

Sálmar eru út af píslarsögu frelsarans og vegna þess eru þeir kallaðir *passíu-* (eða píslar-) sálmar. Það hefur verið síður hjá okkur íslendingum—fallegur síður—, að lesa þá og syngja sérstaklega á föstunni; því á föstunni, sjö vikunum næstu